



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni (afnám refsingar) HRN22060088
Ráðuneyti	Heilbrigðisráðuneytið
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	24. júní 2022

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

- 1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs**
 - a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins? *Við frummat á fjárhagslegum áhrifaþáttum var leitað sjónarmiða annarra ráðuneyta sem eiga sameiginlega tengifleti.*
 - b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum. *Ekki var unnin næmnisgreining eða frávikagreining við gerð matsins.*
 - c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg? *Á ekki við.*
 - d) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun. *Á ekki við.*
 - e) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlíð og gjaldahlíð en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu. *Á ekki við.*
- 2. Tekjubreytingar**

– *Frummat gerir ekki ráð fyrir breytingu á tekjuhlíð ríkissjóðs við lögfestingu frumvarps.*
- 3. Útgjaldabreytingar**

– *Frummat gerir ekki ráð fyrir breytingu á útgjaldahlíð ríkissjóðs við lögfestingu frumvarps.*
- 4. Eignabreytingar**

– *Frummat gerir ekki ráð fyrir breytingu á eignastöðu ríkissjóðs við lögfestingu frumvarps.*
- 5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál**
 - a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum. *Á ekki við.*
 - b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál. *Á ekki við.*
 - c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs. *Á ekki við.*
 - d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur. *Á ekki við.*
 - e) Rekstrarform ríkisstarfsemi. *Á ekki við.*
 - f) Opinber innkaup og útboð. *Á ekki við.*
 - g) Eignaumsýsla ríkisins. *Á ekki við.*
 - h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. *Á ekki við.*
 - i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara. *Á ekki við.*

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

- Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:**
 - í gildandi fjárlögum. *Frummat gerir ekki ráð fyrir breytingu á útgjaldahlið ríkissjóðs við lögfestingu frumvarps.*
 - í fjárlagafrumvarpi komandi árs. *Sjá svar í lið a).*
 - í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. *Sjá svar í lið a).*
- Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum? Á ekki við.**
- Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu? Nei.**

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

- Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið**
- Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.**

– Sjá leiðarvísinn „Grunnmat á eftirlitsreglum“
- Samkeppnisbreytingar**
 - Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta). Á ekki við.
 - Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja). Á ekki við.
 - Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd. Á ekki við.
 - Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum). Á ekki við.

D. Önnur áhrif

- Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011**

– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Á ekki við.
- Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)**

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011. Á ekki við.
- Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000**

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011
- Áhrif á byggðalög. Á ekki við.**
- Áhrif á frjáls félagasamtök. Á ekki við.**
- Áhrif á jafnrétti kynjanna.**

– Verkefni þetta lýtur að veikasta og jaðarsettasta hópnum í samfélaginu. Rannsóknir hafa í gegnum tíðina sýnt að af þeim sem nota ávana- og fíkniefni eru karlmenn hlutfallslega fleiri í

samanburði við konur eða um það bil 70% á móti 30%. Þekkt er að einstaklingar sem nota ávana- og fíkniefni eru útsettari en aðrir fyrir ofbeldi og eru sérstaklega konur í þessu hópi útsettari fyrir andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi í aðstæðum tengdum notkun á ávana- og fíkniefnum. Að auki er þekkt að konur eru oftari í kynlífsvinnu sem tengist fjármögnun á ávana- og fíkniefnum sem eykur enn frekar hættu á að þær verði fyrir ofbeldi. Þannig mætti segja að konur sem háðar eru ávana- og fíkniefnum séu jaðarhópur innan jaðarhóps og eru þær útsettari fyrir skaðlegum afleiðingum sem og hvers konar misnotkun og valdbeitingu vegna þeirrar stöðu sem þær eru í. Vitað er að konur sem háðar eru ávana- og fíkniefnum eru ólíklegar til að óska eftir t.d. aðstoð lögreglu eða annarra bráðaaðila í ofbeldis- eða bráðaaðstæðum því þær óttast að neysluskammtar sem þær hafa í förum sínum verði gerðir upptækir samhliða björguninni vegna þeirrar refsistefnu sem er í gildi hér á landi. Verði refsing afnumin fyrir vörslu á skilgreindum neysluskömmtum hjá veikasta hópnum yrði stigið stórt skref frá refsistefnu í átt að mannúðlegri stefnu í málefnum ávana- og fíkniefna. Líklegt er að slík viðhorfsbreyting muni draga úr jaðarsetningu og fordómum í garð þeirra sem nota ávana- og fíkniefni sem aftur gæti orðið til þess að fleiri einstaklingar en ella sækja sér viðeigandi aðstoð til að takast á við fíknisjúkdóm og afleiðingar hans. Starfshópurinn mun afla gagna við vinnu sína og verða kyngreindar upplýsingar hafðar í fyrirrúmi, sé það unnt með tilliti til persónuverndarsjónarmiða.

7. **Áhrif a lýðheilsu.** Mikilvægt er að skapa fólki aðstæður í samfélaginu sem auðvelda því að stuðla að og efla heilbrigði og heilbrigðan lífsstíl. Forvarnir eru aðgerðir sem beinast að samfélaginu öllu og miða m.a. að því að efla heilbrigði og fyrirbyggja sjúkdóma. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er þess getið m.a. að það séu sameiginlegir hagsmunir þjóðarinnar, efnahagslegir og félagslegir, að lögð sé aukin áhersla á lýðheilsu, forvarnir og geðheilbrigðismál. Skaðaminnkun á rætur sínar að rekja til lýðheilsu þar sem markmið allra úrræða og þjónustu er byggja á þeirri hugmyndafræði er að halda fólki á lífi, draga úr heilsufarslegum og félagslegum skaða sem og efla heilbrigði notenda. Mikilvægt er því að skoða hvernig hægt er að draga úr skaðlegum áhrifum við núverandi aðstæður á lýðheilsu þeirra sem eru háðir ávana- og fíkniefnum. Þannig er mikilvægt að leggja áherslu á að koma veikasta hópnum, sem þróað hefur með sér alvarlegastan fíknivanda, til aðstoðar með skaðaminnkun í huga og þannig stuðla að bættri lýðheilsu þess hóps, til jafns við aðra í samfélaginu.
8. **Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.** Á ekki við.
9. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.** Á ekki við.
10. **Áhrif á stjórnarsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, ríkissaksóknari og ríkislögreglustjóri eiga fulltrúa í starfshópi ráðherra og verður því metið í hópnum hvort stofnanir séu í stakk búnar að takast á við breytingar þar að lútandi.
11. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.** Verkefnið hefur áhrif á stöðu veikasta hópsins sem eru einstaklingar sem ánetjast hafa neyslu ávana- og fíkniefna þar sem stefnt er að því að afnema refsingu fyrir vörslu tiltekins efnis í tilteknu magni fyrir veikasta hópinn.
12. **Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.** Á ekki við.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. **Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.** *Frummat gerir ekki ráð fyrir breytingu á afkomu ríkissjóðs og/eða eignastöðu.*
2. **Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.** *Á ekki við.*
3. **Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat.** *Ekki hefur verið lagt mat á samfélagslegan ávinning)*

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?
2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?
3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?